

Leiðbeiningar til hluthafa í Landsbankanum sem vilja selja hluti í bankanum í mars 2026

1. Endurkaupatímabil stendur yfir frá og með 2. mars 2026 til og með 13. mars 2026.
 2. Landsbankinn býðst til að kaupa hvern hlut í Landsbankanum á genginu 14,56 krónur á hlut á endurkaupatímabilinu.
 3. Hluthafi sem ákveður að taka boði bankans gerir það með því að fylla út eyðublaðið **tilkynningu um nýtingu boðs Landsbankans um kaup á eigin hlutum** sem er aðgengilegt á vef bankans.
 4. Hluthafi sem ákveður að taka boði bankans skal fylla út tilkynninguna með nafni, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri, netfangi, fjölda hluta sem eru í eigu hans, fjölda hluta sem hann vill selja og dagsetningu.
 5. Hluthafi sem kys að undirrita tilkynninguna með fullgildri rafrænni undirritun þarf að hafa samband við Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans í síma 410-4040 eða með tölvupósti á vl@landsbankinn.is til að fá aðstoð við að koma tilkynningunni í rafrænt undirritunarferli.
- Tilkynningin þarf að berast bankanum undirrituð fyrir kl. 16.00, föstudaginn 13. mars 2026. Tilkynningar sem berast eftir þann tíma verða ekki afgreiddar. Ef hluthafi er lögaðili þarf að gæta þess að sá sem undirritar tilkynninguna hafi til þess heimild, t.d. gilt umboð.
6. Hluthafi sem kys að undirrita tilkynninguna með eiginhandarundirskrift þarf að prenta tilkynninguna út og undirrita hana. Tilkynninguna má afhenda bankanum með því að skanna útfyllt og undirritað frumritið og senda PDF-skjal af tilkynningunni sem fylgiskjal með tölvupósti á netfangið endurkaup@landsbankinn.is. Einnig er hægt að afhenda tilkynninguna útfyllta og undirritaða í útibúi Landsbankans. Tilkynningin þarf að berast bankanum undirrituð fyrir kl. 16.00, föstudaginn 13. mars 2026. Tilkynningar sem berast eftir þann tíma verða ekki afgreiddar. Ef hluthafi er lögaðili þarf að gæta þess að sá sem undirritar tilkynninguna hafi til þess heimild, t.d. gilt umboð.
 7. Berist Landsbankanum rétt útfyllt og undirrituð tilkynning í samræmi við framangreint, skv. lið 6, er kominn á bindandi samningur milli bankans og viðkomandi hluthafa um kaup á þeim hlutum sem tilgreindir eru í tilkynningunni og eru í eigu viðkomandi hluthafa.
 8. Berist tilkynning ekki til bankans vegna kerfisgalla eða annarra atvika sem bankinn ræður ekki við ber bankinn ekki ábyrgð á því. Staðfesting Landsbankans á móttöku telst forsenda gildrar sönnunar á því að tilkynning hafi borist bankanum.
 9. Landsbankinn mun greiða andvirði keyptra hluta inn á innlánsreikning sem tengdur er vörslureikningi hluthafa innan tveggja daga frá því að rétt útfyllt og undirrituð tilkynning berst bankanum.
 10. Landsbankinn veitir hluthöfum ekki fjárfestingarráðgjöf eða aðra fjárfestingarþjónustu samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, í tengslum við kaupin á eigin hlutum. Landsbankinn bendir hluthöfum á að leita sér ytri sérfræðiráðgjafar vegna kaupanna en bankinn ber enga ábyrgð á slíkri ráðgjöf.
 11. Tilkynningar verða afgreiddar á endurkaupatímabilinu í þeirri röð sem þær berast bankanum þar til hámarki endurkaupa (48 milljónum hluta) er náð. Verði hámarkinu náð á tímabilinu verða frekari tilkynningar ekki afgreiddar.
- Nánari upplýsingar er að finna á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/endurkaup. Einnig má fá frekari upplýsingar í síma 410 4040 og í tölvupósti á vl@landsbankinn.is.